tveim árum taki að minnsta kosti 6 íslendingar próf í lögum við háskólann, og **51**
að auk þess eru 15 íslenzkir stúdentar að lesa lögfræði við háskólann. Þegar 24. maí.
svo þess er gætt, að ekki eru nema 26 launuð embætti og sýslanir hjer á landi, sem lögfræðispróf útheimtist til, virðist það liggja í augum uppi, að það eru alls ekki glæsilegar horfur fyrir kandidat frá lagaskóla hjer á landi til þess að komast í launaða stöðu. Í þessu tilliti getur læknaskólinn verið til samanburðar; hann var allvel sóttur meðan von gat verið til að afloknu prófi að fá stöðu, þótt launalítil væri, sem læknir; en hin tvö síðustu ár, eptir að læknaembættin eru fullskipuð, hafa engir nýir nemendur komið á skólann.

Sökum þess er jeg þannig hef fram tekið get jeg ekki ráðið til, að stjórnin leggi frumvarp til laga um stofnun lagaskóla hjer á landi fyrir alþing það, er kemur saman næsta ár.

Reikningur **52.**

yfir tekjur og gjöld Möðruvallaklausturskirkju fardaga-árið 1891—92. 30. maí.

Tekjur:

1.	Fasteignartíund af 607,8 hndr. 182,34 ál. á 50½ eyr.	92	08
2.	Lausafjártíund af 417,5 hndr. 125,25 ál. á 51 eyr.	63	88
3.	Ljóstollar tals 64 = 256 pd. tólgar á 27½ eyr.	70	40
4.	Legkaup 4½, hvert 6 ál. = 27 ál. á 51 eyr.	13	77
5.	Kirkjugjald af húsum	15	90
6.	Ólokin kirkjugjöld frá f. á.	23	86
7.	Fyrir muni selda við uppboð	32	51
	Alls kr.	312	40

Gjöld:

1.	Eyrir messuvín	7	50
2.	— kerti til lýsingar	13	00
3.	— hirðing og þvott kirkju og skrúða	16	00
4.	— ýmsar smá-aðgerðir	9	45
5.	— breyting á sæti skólastjóra á Möðruvöllum	121	64
6.	— umbúning prjedikunarstóls í kirkjunni	41	55
7.	— umbúðir við flutning prjedikunarstólsins	11	84
8.	Borgað upp í andvirði prjedikunarstólsins	69	23
9.	Fyrir endurskoðun reiknings þessa 3 ál. á 50½ eyr.	1	52
10.	— 2 ljósahöld úr trje	0	50
11.	Ólokin kirkjugjöld fyrir 1891 og 1892	20	17
	Alls kr	312	40

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins 30. maí 1893.

J. Havsteen.